



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
í Vinaskógi í Þingvallasveit  
í tilefni aðalfundar Skógræktarfélags Íslands**

**3. september 2022**

Kæra Vigdís,  
formaður og forystusveit Skógræktarfélags Íslands,  
aðrir áheyrendur og kærur vinir.

Mikið þykir mér vænt um að Vigdís Finnbogadóttir sé með okkur hér. Frá mínum ungdómsárum man ég svo vel hversu annt henni var um ræktun landsins, hversu dyggilega hún hvatti fólk til dáða í þeim efnunum. Mér er heiður að því að vera hér í Vinaskógi, lundinum sem gerður var í tilefni átaks um landgræðsluskóga þegar Vigdís sat á forsetastóli.

Hér verður mér einnig hugsað til eftirminnilegra orða Kristjáns Eldjárns um náttúru Íslands og auðlindir. Í nýársávarpi sínu árið 1972 talaði hann um lífbeltin tvö sem við Íslendingar nytum. Nú skal ég ekki halda því fram að þetta standi mér í barnsminni. Ég leyfi mér reyndar að geta þess í framhjálaupi að í máli sínu vitnaði Kristján í Egils sögu. Vissulega kemur þar fram að þrevetra hafi Egill Skallagrímsson ort dýrar vísur – og reyndar einnig vegið leikfélaga sína litlu eldri. En þarna í ársbyrjun 1972, fyrir rúmri hálfri öld, var ég á fjórða ári og man ekki eftir ræðu forseta í sjónvarpinu.

Lýsing höfundar Eglu á kveðskap hins þriggja ára barns er augljóslega skálduð og stílfærð. Ekki er allt satt sem sagt er frá í fornum ritum. Hitt þykjumst við þó vita að í árdaga Íslandsbyggðar hafi landið verið viði vaxið milli fjalls og fjöru. Og þar mátti finna annað lífbeltanna sem Kristján Eldjárn nefndi í ávarpi sínu, ávarpi sem ýmsir eldri Íslendingar muna enn eins og gerst hefði í gær. Forseti talaði um „grónu ræmuna eða beltið upp frá ströndinni“. Hitt lífbeltið var svo sjóræman með ströndum fram.

Þótt margt hafi breyst í mannlífi og atvinnuháttum á hálfri öld treystum við enn á þessi lífbelti. Því er starf Skógræktarfélagssins svo brýnt. Nú er það svo að landið má græða á marga vegu, að því má hlúa á ýmsa vegu. En ef við hlúum ekki að landinu hlúir það ekki að okkur. Við skulum halda áfram að rækta skóga þar sem þeir munu veita skjól, sá í svarta sanda þar sem þörfin knýr, endurheimta votlendi þar sem vel hentar en eiga áfram ræktuð tún og engi þar sem þau má nýta, og – já – sjá líka fegurð og nytsemd í hrjóstri og auðn. Grjót getur verið fallett, sandur og melar sömuleiðis. Allt þarf sitt jafnvægi.

Kæru áheyrendur: Við þurfum að vinna saman, allt fólk sem landinu ann. Til þess erum við hingað komin. Ég þakka hornaflokk þorkels Jólssonar og féлага fyrir þeirra ljúfu tóna. Ég þakka Jónatan Garðarssyni og öðrum í forystusveit Skógræktarfélagss Íslands fyrir þeirra ötula starfa – og fyrir að bjóða mér á þennan fallega viðburð. Nú skundum við á Þingvöll, úr Vinaskógi á sögustað okkar Íslendinga, úr gróðurlundi í unaðsreit birkis og víðis, fjalldrapa og lyngs.

Njótum áfram þessa fallega dags!